

## INNKAUPARÁÐ

Ár 2015, föstudaginn 2. október var haldinn 354. fundur innkauparáðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 12:17. Viðstaddir voru Kjartan Valgarðsson, Kristján Freyr Halldórsson og Elísabet Gísladóttir. Auk þeirra sat Ásgerður Jóna Flosadóttir áheyrnarfulltrúi fundinn. Einnig sat fundinn Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir frá innkaupadeild. Fundarritari var Guðbjörg Eggertsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 29. september sl., þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda Hnit verkfræðistofu hf., í forvali/lokuðu útboði nr. 13584 Klettaskóli, viðbygging og endurbætur – Eftirlit. R15080057  
Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson og Einar H. Jónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram að nýju erindi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 22. september sl., þar sem lagt er til að samið verði lægstbjóðanda Íslenska gámafélagið ehf., í EES útboði nr. 13573 Ámokstur á salti 2015-2018. R15070110.  
Frestað á síðasta fundi.  
Samþykkt.

### Fundi slitið kl. 12:24

Kjartan Valgarðsson (sign)

Kristján Freyr Halldórsson (sign)

Elísabet Gísladóttir (sign)